

## 59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

## 60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

## 62. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Kaldrananeshrepps nr. 106/1995.

*Félagsmálaráðuneytinu, 8. febrúar 1999.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **fyrir sorphirðu í Ölfushreppi 1999.**

## 1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- a) Íbúðarhús hver pokaeyning (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 6.615. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarpokaeyningar kr. 4.410.
- b) Atvinnuhúsnæði, pokaeyning kr. 9.100 fyrir hvern poka.
- c) Á öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargj. kr.	Sorphreinsunargj. kr.
1. flokkur	6.340	25.360
2. flokkur	12.680	50.715
3. flokkur	25.360	101.430
4. flokkur	50.715	202.860
5. flokkur	101.430	405.720
6. flokkur	152.145	608.580

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphreinsunargjald skal fellt niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að gilda fyrir árið 1999.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

## 1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar sem virtar eru fasteignamati skal árlega greiða sorphirðugjald.

## 2. gr.

Fella skal niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun og förgun sorpsins, sem viðurkennd er af heilbrigðisnefnd, enda samþykkir Ólafsfjarðarbær það.